Fjallabyggð

Leikskóli Fjallabyggðar
Gjaldskrá 2019

Vistunargjöld*:

- 4 klst.: 13.660 kr.
- 4,5 klst.: 15.368 kr.
- 5 klst.: 17.075 kr.
- 5,5 klst.: 18.782 kr.
- 6 klst.: 20.490 kr.
- 6,5 klst.: 22.198 kr.
- 7 klst.: 23.905 kr.
- 7,5 klst.: 25.613 kr.
- 8 klst.: 27.320 kr.
- 8,5 klst.: 29.028 kr.

Máltíðir:

- Hádegisverður: 4.700 kr. mán.
- Morgunverður: 2.300 kr. mán.
- Síðdegisverður: 2.300 kr. mán.

Annað:

- Vistunartími ekki virtur: 500 kr. pr. skipti

Eftirfarandi afslættir eru veittir af leikskólagjöldum. Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjaldi:

a. Systkinaafsláttur er veittur vegna barna á forræði forráðamanns/manna sem hér segir, að því tilskildu að þau eigi sameiginlegt lögheimili í Fjallabyggð:
   50% afsláttur vegna 2. barns
   75%afsláttur vegna 3. barns
   100% afsláttur vegna 4. barns og þar umfram.

b. Einstæðir foreldrar fá 30% afslátt af leikskólagjaldi fyrsta barns.

Námsmenn í 75% námi eða meira sem varir í minnst eitt ár fá 30% afslátt af leikskólagjaldi fyrsta barns. Námsmenn skulu staðfesta nám sitt með vottorði frá viðkomandi skóla fyrir hverja önn. Leikskólagjöld og fæðisgjald skulu felld niður ef börn eru fjarverandi í 1 mánuð eða lengur vegna veikinda barns, að því tilskildu að veikindavottorð liggi fyrir. Að sama skapi er heimilt, að höfðu samráði við félagsþjónustu Fjallabyggðar, að fella niður leikskólagjöld ef félagslegar aðstæður valda langvinnum fjarvistum.

Samþykkt í bæjarstjórn 29.11.2018

* Útfærsla skv. einingarverði vistunargjalds 3.415 pr/klst.